



# HAFNARFJÖRÐUR

## Umsögn - 20. febrúar 2017

Efni: Ásvellir, Haukasvæði, umsögn, breyting á deiliskipulagi, 0809375

Þann 08.01.2017 óskar Knattspyrnufélagið Haukar eftir að fara í aðal- og deiliskipulagsvinnu við ípróttasvæði Hauka á Ásvöllum. Erindið var lagt fyrir bæjarráð þ.26.1.2017 er vísaði erindinu til skipulags- og byggingaráðs.

Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 fellur umrætt svæði undir ípróttasvæði, Íþ3. Í kafla 2.2.11, í aðalskipulaginu, ípróttasvæði, segir: *"Ípróttasvæði er svæði fyrir landfreka ípróttasvæði aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursípróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri ípróttamiðstöðvar. Þar má reisa byggingar tengdar starfseminni, svo sem félagsaðstöðu o.fl., en íbúðir eru ekki heimilar."*

Í aðalskipulaginu kemur fram að Íþ3 Ásvellir er svæði sem er nú þegar að mestu fullbyggt, sjá töflu bls. 56 í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Jafnframt eru Ásvellir svæði er liggur þétt upp við friðlýst svæði, *Ástjörn – friðland, friðlýst 1978 (FS2)*.

Nú er óskað eftir að fara í aðalskipulagsbreytingu og í framhaldi deiliskipulagsbreytingar sem mun heimila um 70 íbúðir og þjónustumiðstöð á vestari hluta lóðar við Ásvelli. Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir svæði til margskonar ípróttaiðkunar á þessum hluta lóðarinnar sem fyrirhuguð hús eiga að rísa.

Íbúafjöldi við Velli hefur farið vaxandi síðustu ár og verður áfram næstu árin. Gera má ráð fyrir fjölgun félagsmanna og þeirra er leggja kapp við ípróttaiðkun á svæði Hauka við uppbyggingu Skarðshliðar. Eins og fram er komið er svæðið við Ásvelli nú að mestu fullbyggt. Stækkun á svæðinu er takmörkunum háð þar sem friðlýst svæði er við deiliskipulagsmörk Ásvalla. Að ofangreindu fæst ekki séð hvernig ípróttafélagið muni geta stækkað og vaxið í framtíðinni hyggist félagið fara í uppbyggingu íbúða á því landi sem hefur verið úthlutað til félagsins undir ípróttaiðkun og starfsemi henni tengdri.

*Telji menn landið sem þeim var úthlutað í fyrstu of stórt og að ekki verði þörf á að nýta það undir ípróttir og ípróttatengda starfsemi, væri eðlilegast að afhenda þann hluta lóðarinnar aftur Hafnarfjarðarbæ. Verði horft til þess að fara í uppbyggingu íbúðahúsnaðis á svæðinu ætti það að vera alls ótengt ípróttasvæðinu og lóðin sett á almennan markað.*

---

Þormóður Sveinsson  
Skipulagsfulltrúi.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt.  
Umhverfis og skipulagsþjónusta.